

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,  
nr. 625 22. desember 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veitingastöðum, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, skal þó lokað þegar heimil-  
uðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k.  
tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa  
yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

2. gr.

Við 30. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þar sem heimilt er að sýna nektardans á næturklúbbi (nektardansstað), skal tryggt að  
sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda.  
Hvers konar einkasýningar eru óheimilar.

3. gr.

Við samþykktina bætist ný 31. gr. svohljóðandi:

Borgarstjórn er heimilt að banna neyslu áfengis á tilteknum tímum á tilteknum svæðum  
borgarinnar. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

Greinarnúmer 31. gr. og 32. gr. breytast í samræmi við nýja 31. gr.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur, hefur samið og samþykkt samkvæmt  
lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*